



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Tíðniheimild Fjarskipta hf.

til nokunar tíðna á 2,6 GHz tíðnisviðinu.

25. júní 2014

Með vísan til IV. kafla laga, nr. 81/2003, um fjarskipti, ákvæða reglugerðar, nr. 1047/2011, um skipulag og úthlutun tíðna og með vísan til niðurstaðna samráðs þess sem Póst- og fjarskiptastofnun kallaði eftir með samráðsskjali sínu, dags 4. október 2103 hefur stofnunin ákveðið að Fjarskipti hf. hafi heimild til áframhaldandi notkunar á tilgreindum hluta 2,6 GHz tíðnisviðsins eins og það er nánar ákvarðað í tíðniheimild þessari fram til 31. desember 2016.

1. gr.

Úthlutun tíðna

Póst- og fjarskiptastofnun heimilar hér með Fjarskiptum hf., kt. 470905-1740, (hér eftir nefnt tíðniréttthafi) notkun á MMDS rásum til stafrænna sjónvarpsútsendinga með þeim skilyrðum sem tilgreind eru hér að neðan. Um er að ræða rásir 2-8, 10-18, og 20-21 (alls 18 rásir) á suðvesturhorninu annars vegar og rásum 1-8, 10-18 og 20-21 á Suðurlandi (alls 19 rásir).

2. gr.

Tíðnisvið og búnaður

Með MMDS rásum er átt við tíðnisviðið 2500-2684 MHz, sem skiptist í 23 rásir með 8 MHz bandbreidd hver rás, samtals 184 MHz.

Allur radióbúnaður sem notaður verður skal vera CE-merktur af framleiðanda til staðfestingar á því að hann uppfylli kröfur R&TTE tilskipunarinnar (1999/5/EC).

Áður en sendir eða endurvarpi er tekinn í notkun skal tilkynna það til Póst- og fjarskiptastofnunar og fá formlegt samþykki áður en starfræksla hefst. Í tilkynningu um nýjan sendi og/eða endurvarpa skal veita eftirfarandi upplýsingar:

- Staðsetning loftnets
- Sendiafl (hámark 20 W e.i.r.p.)
- Stefna
- Tíðnir (rásarnúmer)
- Sendibúnaður (framleiðandi, gerð, raðnúmer)

3. gr.

Útbreiðslusvæði

Heimild til útsendinga og endurvarps þeirra nær til sama svæðis og upphaflegar tíðniheimildir, þ.e. til suðvesturhorns landsins frá Suðurnesjum til Akraness annars vegar og á Suðurlandi frá Heiðinni háu að Kirkjubæjarklaustri hins vegar.

4. gr.

Truflanir

Tíðniréttthafi skal tryggja að búnaður í hans umráðum valdi ekki skaðlegum truflunum á öðrum löglegum fjarskiptum.

Tíðniréttthafa ber að tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun um þær truflanir sem honum eru kunnar hvort sem þær eru af völdum hans kerfis eða á því.

Póst- og fjarskiptastofnun getur gert kröfur um breytingar á búnaði í því skyni að girða fyrir vanda vegna truflana. Tíðniréttthafi skal fyrir eigin reikning hlíta fyrir mælum stofnunarinnar um að bæta úr truflanavanda sem stafar af búnaði hans.

Póst- og fjarskiptastofnun getur látið innsigla búnað, sem veldur alvarlegum truflunum eða bannað notkun hans sbr. 64. gr. laga, nr. 81/2003, um fjarskipti.

Ef um verulegar og skaðlegar truflanir er að ræða sem ekki reynist unnt að koma í veg fyrir getur Póst- og fjarskiptastofnun afturkallað heimild þessa.

5. gr.

Skilvirk notkun

Notkun skal vera með þeim hætti að sendar séu út að lágmarki 4 dagskrár samtímis á hverri rás. Hverja dagskrá skal aðeins senda út á einni rás á hverjum tíma. Ef nýting á rás er minni en sem þessu nemur er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að fella niður heimild til notkunar á viðkomandi rás.

Verði notkun tíðna hætt og ekki hafin aftur innan fjögurra mánaða eða falli hljóðmiðlunarleyfi úr gildi þar sem það á við, fellur heimild fyrir viðkomandi tíðni sjálfkrafa niður.

6. gr.

Aðgangur

Tíðnirétthafa ber að veita öðrum aðgang að sendikerfinu í samræmi við gildandi lög og reglur á hverjum tíma.

7. gr.

Árleg gjöld

Tíðnirétthafi skal greiða árleg gjöld skv. gildandi lögum, reglum, og gjaldskrá Póst- og fjarskiptastofnunar hverju sinni, fyrir tíðninotkun og starfrækslu sendibúnaðar.

8. gr.

Framsalsbann

Réttindi samkvæmt heimild þessari eru bundin við tíðnirétthafa og er framsal óheimilt, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti.

9. gr.

Breyting á ákvæðum heimildarinnar

Póst- og fjarskiptastofnun skal heimilt að breyta ákvæðum í heimild þessari, sbr. 12. gr. laga, nr. 81/2003, um fjarskipti, þegar sérstaklega stendur á. Nýtt gjald skal ekki tekið við slíka breytingu. Leiði breytingar á gildistíma heimildarinnar til skerðinga á réttindum tíðnirétthafa samkvæmt heimild þessari öðlast það ekki rétt til skaðabóta vegna slíkra skerðinga.

10. gr.

Afturköllun

Póst- og fjarskiptastofnun getur afturkallað heimild þessa ef tíðnirétthafi stendur ekki í skilum með greiðslur gagnvart stofnuninni eða um alvarlegt brot er um að ræða á skilyrðum heimildar þessarar, lögum um fjarskipti, lögum um Póst- og fjarskiptastofnu og afleiddum réttarheimildum. Þá getur stofnunin afturkallað réttindi samkvæmt tíðniheimild þessari í þágu almannahagsmuna ef mikilvægar forsendur fyrir réttindunum breytast eða bresta, t.d. en ekki eingöngu vegna alþjóðlegra samþykktu sem Ísland er aðili að. Að öðru leyti skulu gilda ákvæði 73. gr. laga um fjarskipti, nr. 81/2003, um afturköllun og málsmeðferð vegna hennar.

**11. gr.
Gildistími**

Heimild þessi gildir frá 27. júní 2014 til og með 31. desember 2016.

**12. gr.
Áskilnaður og fyrirvarar**

Forsenda heimildar þessarar er m.a. að hún hafi engin áhrif á núverandi útsendingar og móttöku annarra tíðnirétthafa á 2,6 GHz tíðnisviðinu.

Með tíðniheimild þessari gefur Póst- og fjarskiptastofnun á ný út tíðniheimild til handa Fjarskiptum ehf. til veitingar MMDS þjónustu á 2,6 GHz tíðnisviðinu. Gildistími heimildar þessarar er rúm tvö ár eða til 31. desember 2016, sbr. 8. gr.

Við lok gildistíma tíðniheimildar þessarar getur komið til þess að tíðnirétthafi fái leyfi til að halda smærri eða stærri hluta tíðnisviðsins fyrir MMDS þjónustu, berist Póst- og fjarskiptastofnun slík ósk, og bæði framtíðar samráð stofnunarinnar og úttekt á hagsmunum fjarskiptafyrirtækja og neytenda leiðir í ljós að slík heimild sé réttlætanleg.

Póst- og fjarskiptastofnun áskilur sér rétt til að hefja úthlutunarferli á tíðniheimildum fyrir háhraða farnetsþjónustu á gildistíma heimildarinnar komi fram réttmæt eftirspurn eftir tíðnisviðinu fyrir slíka þjónustu á gildistímanum sem leiðir jafnframt í ljós að heildarhagsmunum neytenda sé betur mætt með slíkri nýtingu tíðnisviðsins en áframhaldandi nýtingu þess fyrir MMDS þjónustu.

Póst- og fjarskiptastofnun 25. júní 2014

Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri

Unnur Kristín Sveinbjarnardóttir